

128

Fluttar .... kr. 50756529 70

16. Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:

a. Vextir .....	kr.	702573	61
b. Forvextir .....	—	912921	98
c. Tekjur af rekstri fasteigna .....	—	6937	74
d. Ýmsar tekjur .....	—	154377	98

Frá þessum samtals kr. 1776811 31

dregst:

a. Kostnaður við rekst- ur bankans .....	kr.	313755	78
b. Kostnaður við rekst- ur fasteigna .....	—	11255	92
c. Útborgaðir vextir .	—	809851	45
		1134863	15

— 641948 16

17. Ágóða- og tapsreikningur ..... — 222572 17

Kr. 51621050 03

Landsbanki Íslands.

*L. Kaaber. Georg Ólafsson.*

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

*Guðjón Guðlaugsson. Tryggvi Þórhallsson.*

129

**FIRMNATILKYNNINGAR.**

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1925.

*I. Reykjavík.*

1. Undirrituð stjórn hlutafjlagsins „Skaftfellingur“ veitir hjermeð útgerðarstjóra Helga Bergs, prókúruumboð fyrir fjelagið frá þessum degi að

telja. Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Hannesar Thorarensen fyrir fjelagið. 129

Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H.f. Skaftfellingur.

H. Bergs.

St. í Vík í Mýrdal, 14. nóv. 1924.

Lárus Helgason (formaður). Magnús Finnbogason. Bjarni Kjartansson.  
Ólafur H. Jónsson.

2. Við leyfum okkur hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar, að núverandi eigendur útgerðarfjelagsins Geir & Th. Thorsteinsson eru þessir:

Dánarbú Th. Thorsteinsson's, en í því óskiftu situr ekkjufrú Kristjana Thorsteinsson. Vesturgötu 3.

Gísli M. Oddsson skipstjóri, Reykjavík, og

Geir Thorsteinsson útgerðarmaður, Reykjavík.

Reykjavík, 29. desbr. 1924.

pr. pr. Geir & Th. Thorsteinsson.

Geir Thorsteinsson.

3. Hjermeð tilkynnist, að Jón Kjartansson lætur af framkvæmdastjórastarfi fyrir Kaupfjélag Reykvíkinga frá 31. desember 1924, og fellur þá prókúruumboð hans úr gildi. Haraldur Guðmundsson er ráðinn framkvæmdastjóri fjelagsins frá sama tíma og hefir hann prókúruumboð frá 1. jan. 1925.

Prókúruhafi skrifar þannig:

pr. pr. Kaupfjélag Reykvíkinga

H. Guðmundsson.

Reykjavík, 31. desbr. 1924.

Kaupfjélag Reykvíkinga.

E. Hjartarson. Jón Jónatansson. Filippus Ámundason.

Nikulás Friðriksson. Hallbjörn Halldórsson.

4. Undirrituð Kristjana Thorsteinsson ekkjufrú, sem með samþykki erfingja sit í óskiftu búi eftir mann minn, Th. Thorsteinsson kaupm., sbr. yfirlýsingu bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 2. september þ. á., tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg held áfram atvinnu mannsins míns, óbreyttri og undir hans nafni.

Jeg rita firmað þannig:

pr. Th. Thorsteinsson.

Kristjana Thorsteinsson.

Reykjavík, 11. nóv. 1924.

Kristjana Thorsteinsson.

- 129 5. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað E. Eyvindsson & Skúlason er hætt.

Reykjavík, 25. jan. 1925.

Axel Skúlason. E. Eyvindsson.

6. Hjalti S. Espholin, Akureyri, og Ingólfur G. S. Espholin, Skólavörustíg 3, Reykjavík, reka hverskonar verslun (sem útibú frá Akureyri) inn- sem útflytnings og iðnað með ótakmarkaðri ábyrgð beggja undir firmanafninu „Bræðurnir Espholin“, með tilsvarendi þýðingum á erlendum málum, t. d. „Espholin Brothers“.

Prókúruhafi er Pjetur Eggerz Stefánsson, p.t. Thorshavn Færeyjum. Hjalti S. Espholin ritar firmað:

Bræðurnir Espholin.

Hjalti S. Espholin.

Ingólfur G. S. Espholin ritar firmað:

Bræðurnir Espholin.

Ingólfur S. G. Espholin.

Pjetur Eggerz Stefánsson ritar firmað:

pr. pr. Bræðurnir Espholin.

P. Eggerz Stefánsson.

Reykjavík, 10. febrúar 1925.

Bræðurnir Espholin.

Ingólfur S. G. Espholin.

7. Það tilkynnist hjermeð, að í dag hefir Jón Grímsson gengið úr firmanu „J. Grímsson & Tulinius“, en hinn fjelaginn, Carl D. Tulinius, heldur atvinnunni áfram undir sínu nafni.

Reykjavík, 8. ágúst 1925.

Jón Grímsson. Carl D. Tulinius.

8. Georg Thordahl Finnsson kaupmaður, Frakkastíg 16, rekur með ótakmarkaðri ábyrgð verslun í Reykjavík undir firmanafninu „Vörubúðin“ Georg Thordahl Finnsson, með fatnaðarvörur o. fl.

Firmanafnið rita jeg þannig:

„Vörubúðin“.

Georg Th. Finnsson.

Reykjavík, 3. júlí 1925.

Georg Th. Finnsson.

9. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að undirritað firma byrjar aftur verslun sína með sama nafni og hún var rekin, nafninu „París“.

Reykjavík, 26. ágúst 1925.

Thora Friðriksson & Co.

10. Frú Kristín Sigurðardóttir, Barónsstíg 20, Ragnar Lárusson, sama staðar, hafa myndað með sjer fjelagsskap til að reka verslun í smásölu, og ber nefnd Kristín Sigurðardóttir ein ábyrgðir og skuldbindingar firmans og ritar firmað þannig: **129**

Kristín Sigurðardóttir & Co.

Prókúru hefir Ragnar Lárusson og ritar hann firmað þannig:  
pr. pr. Kristín Sigurðardóttir & Co.

R. Lárusson.

Reykjavík, 29. júní 1925.

Kristín Sigurðardóttir.

11. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að við undirritaðir Þorgrímur Jónsson, Ólafur Þorgrímsson og Pjetur Þorgrímsson, allir til heimilis að Lauganesi, rekum verslun við Lauganesveg, allir með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

Þorgrímur Jónsson & Co.

Firmað ritum við þannig:

Þorgrímur Jónsson & Co.

Þorgrímur Jónsson.

Þorgrímur Jónsson & Co.

Ólafur Þorgrímsson.

Þorgrímur Jónsson & Co.

Pjetur Þorgrímsson.

Lauganesi, 24. júní 1925.

Þorgrímur Jónsson. Ólafur Þorgrímsson. Pjetur Þorgrímsson.

12. Hjermeð leyfum við oss að tilkynna, að jeg Brynjúlfur Magnússon, Laugaveg 8, og jeg Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir, Laugaveg 8, ætlum að reka verslun, bæði í stórsölu, smásölu og umboðsverslun, undir nafninu Brynjúlfur Magnússon & Co., og höfum bæði rjett til að rita firmað, og höfum bæði ótakmarkaða ábyrgð.

Brynjúlfur Magnússon ritar firmað þannig:

Brynjúlfur Magnússon & Co.

Jóh. D. Magnúsdóttir ritar firmað þannig:

Brynjúlfur Magnússon & Co.

Jóh. Magnúsdóttir.

Reykjavík, 30. júní 1925.

B. Magnússon. Jóh. Magnúsdóttir.

13. Kolbeinn Þorsteinsson, Austurstræti 6 í Reykjavík, Eyjólfur Kolbeinsson, s. st., reka allskonar verslun sem atvinnu í Reykjavík. Varnarþing versl-

129

unarinnar er í Reykjavík. Rjett til að rita firmað hefir Kolbeinn Þorsteinsson einn. Nafn firmans er Kolbeinn Þorsteinsson & Co., og er það samlagsfjelag. Tillög samlagsmanna eru kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — frá hvorum.

Kolbeinn Þorsteinsson ritar firmað þannig:

Kolbeinn Þorsteinsson & Co.

Reykjavík, 30. júní 1925.

Kolbeinn Þorsteinsson.

14. Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar, að þeir herrar Walter Clasen, Anton F. Mohr og C. L. Grosse eru gengnir úr firmanu Sturlaugur Jónsson & Co., og heldur firmað áfram undir sama firmanafni með mjer einum sem fullábyrgum eiganda.

Reykjavík, 15. júlí 1925.

Sturlaugur Jónsson.

15. Undirritaðir eigendur firmans R. Kjartansson & Co. í Reykjavík tilkynnum hjermeð, að við rekum í fjelagi og með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverslun með hreinlætisvörur o. fl. hjer í bænum, undir nafninu „Parísarbúðin“. Báðir eigendur rita firmað.

Runólfur Kjartansson ritar firmað þannig:

Parísarbúðin.

R. Kjartansson.

Þorbergur Kjartansson ritar firmað þannig:

Parísarbúðin.

P. Kjartansson.

Reykjavík, 10. september 1925.

R. Kjartansson, Bergstaðastíg 8.

Þorbergur Kjartansson, Traðarkotssund 3.

16. Við undirritaðir, jeg Pjetur M. Bjarnason kaupmaður, Laugaveg 49, og jeg Stefán Bjarnason, sama staðar, rekum í fjelagi með firmanafninu Pjetur M. Bjarnason & Co. kaupmensku í heildsölu og smásölu, en jeg, Pjetur M. Bjarnason, ber fyrst um sinn einn ábyrgð á skuldbindingum firmans og rita einn firmað þannig:

Pjetur M. Bjarnason & Co.

Prókúru hefir Stefán Bjarnason, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Pjetur M. Bjarnason & Co.

Stefán Bjarnason.

Reykjavík, 25. júní 1925.

Pjetur M. Bjarnason. Stefán Bjarnason.

17. Jeg undirrituð, ungfrú Guðrún H. Zoëga, Tjarnargötu 14, Reykjavík, tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek með ótakmarkaðri ábyrgð verslun með allskonar tóbak og tóbaksvörur, undir firmanafninu:

„Tóbaksverslunin London“.

Firmað rita jeg þannig:

Tóbaksverslunin London.

Guðrún H. Zoëga.

Prókúru hefir Helgi H. Zoëga, Tjarnargötu 14, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Tóbaksverslunin London.

Helgi H. Zoëga.

Reykjavík, 24. okt. 1925.

Guðrún H. Zoëga.

18. Meyvant Sigurðsson bifreiðarstjóri, Hverfisgötu 76 B, rekur bifreiðaaakstur í Reykjavík, með fullri ábyrgð, undir firmanafninu „Vörubílastöðin“, og ritar hann firmað þannig:

Vörubílastöðin.

Meyvant Sigurðsson.

Reykjavík, 4. nóv. 1925.

Meyvant Sigurðsson.

19. Á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufjelaga, sem haldinn var í Reykjavík 6.—11. júní þ. á., var Ingólfur Bjarnarson alþm. í Fjósatungu kosinn formaður Sambandsins í stað Ólafs sál. Briem og Sigurður S. Bjarklind, kaupfjeldagsstjóri, Húsavík, kosinn sem meðstjórnandi í stað Ingólfs Bjarnarsonar.

Stjórn Sambandsins skipa nú:

Ingólfur Bjarnarson, alþm., Fjósatungu, formaður.

Guðbrandur Magnússon, kaupfjeldagsstjóri, Hallgeirsey.

Jón Jónsson, bóndi í Stóradal.

Sigurður S. Bjarklind, kaupfjeldagsstjóri, Húsavík.

Þorsteinn Jónsson, kaupfjeldagsstjóri, Reyðarfirði.

Formaður ritar firmað þannig:

Samband ísl. samvinnufjelaga.

Ing. Bjarnarson.

Í stjórn Sambands ísl. samvinnufjelaga.

Þorst. Jónsson. Guðbrandur Magnússon. Sigurður S. Bjarklind.

- 129** 20. Heiti fjelagsins: Tóbaksverslun Íslands h/f. Heimili þess og varnarþing: Reykjavík. Tilgangur fjelagsins: Að reka verslun, aðallega með tóbak og annan skyldan atvinnurekstur svo sem tóbaksiðnað. Dagsetning samþykta þess: 25. september 1925. Stofnendur: Magnús J. Kristjánsson, forstjóri, Kirkjustræti 8 B, Reykjavík. Hjeðinn Valdimarsson, skrifstofustjóri, Laugaveg 18, Reykjavík. Hjalti Jónsson, framkvæmdarstjóri, Bræðraborgarstíg 8, Reykjavík. Jón Árnason, framkvæmdarstjóri, Baldursgötu 11, Reykjavík. Lárus Jóhannesson, hæstarjettarmálaflutningsmaður, Laufásveg 10, Reykjavík. Richard Torfason, bankabókari, Stýrimannastíg 14, Reykjavík. Sigurður Jónasson, lögfræðingur, Laufásveg 25, Reykjavík.

Stjórn fjelagsins skipa: Magnús J. Kristjánsson, forstjóri, Kirkjustræti 8 B, Rvík, formaður. Sigurður Kristinsson, forstjóri, Baldursgötu 11, Rvík, varaformaður. Richard Torfason, bankabókari, Stýrimannastíg 14, Rvík, ritari. Hjeðinn Valdimarsson, skrifstofustjóri, Laugaveg 18, Rvík. Hjalti Jónsson, framkvæmdarstjóri, Bræðraborgarstíg 8, Rvík. Framkvæmdarstjóri fjelagsins er: Hjeðinn Valdimarsson. Undirskrift þriggja stjórnenda er skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum. Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir fjelagið. Hlutfafjeð er kr. 100,000,00 — eitt hundrað þúsund krónur — og skiftist í 100 eitt þúsund króna hluti. Hlutfafjáröfnun er lokið. Greitt hlutfafje kr. 25,000,00. Ógreitt hlutfafje er kræft 1. desember 1925. Hlutaþrjefin hljóða á nafn. Engin rjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvílir á neinum þeirra. Til þess að eigendaskifti, á annan hátt en fyrir arftöku, sjeu gild gagnvart fjelaginu, þarf samþykki fjelagsstjórnarinnar. Fjelagið á forkaupsrjett á alt að 10% af hlutaþrjefum sínum fyrir matsverð. Eitt atkvæði fylgir hverjum 1000 krónum í hlutfafje. Þó getur enginn farið með meira en  $\frac{1}{5}$  hluta atkvæða. Fundi eða aðrar tilkynningar skal boða í ábyrgðarþrjefi eða símskeyti.

Reykjavík, 29. september 1925.

M. J. Kristjánsson. Rich. Torfason. S. Kristinsson.

Hjeðinn Valdimarsson. Hjalti Jónsson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Tóbaksverslun Íslands h/f.

M. J. Kristjánsson. Hjalti Jónsson. Rich. Torfason.

Tóbaksverslun Íslands h/f.

M. J. Kristjánsson. Hjalti Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

Tóbaksverslun Íslands h/f.

M. J. Kristjánsson. Rich. Torfason. Hjeðinn Valdimarsson.

Tóbaksverslun Íslands h/f.

Hjeðinn Valdimarsson. Rich. Torfason. S. Kristinsson.

- Tóbaksverslun Íslands h/f. 129
- S. Kristinsson. Hjalti Jónsson. Rich. Torfason.  
Tóbaksverslun Íslands h/f.
- M. J. Kristjánsson. Hjalti Jónsson. S. Kristinsson.  
Tóbaksverslun Íslands h/f.
- M. J. Kristjánsson. Hjeðinn Valdimarsson. S. Kristinsson.  
Tóbaksverslun Íslands h/f.
- M. J. Kristjánsson. Rich. Torfason. S. Kristinsson.  
Tóbaksverslun Íslands h/f.
- Hjeðinn Valdimarsson. Rich. Torfason. Hjalti Jónsson.  
Tóbaksverslun Íslands h/f.
- S. Kristinsson. Hjalti Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson.

## II. Barðastrandarsýsla.

- Hinn 19. febrúar 1925 eru dagsettar samþykktir „Pöntunarfjelagsins Patrekur“, Rauðasandshreppi hér innan sýslu, og fjelagið skrásett 6. maí s. l. sem samvinnufjelag, með varnarþingi á Patreksfirði. Formaður og annar meðstjórnanda ritar firmað. Stjórnin getur skuldbundið fjelagið alt að 350,00 króna upphæð að meðaltali á hvern fjelagsmann, sem nú eru 26, með lántöku solidarískt. Í stjórn fjelagsins eru: Þorsteinn prestur Kristjánsson, Sauðlauksdal, formaður, Gísli Ó. Thorlacius, Saurbæ, og Kristján Júl. Kristjánsson, Grundum, meðstjórnendur. Firmað rita þeir þannig:

F. h. „Pöntunarfjelagið Patrekur“  
Þorst. Kristjánsson, Gísli Ó. Thorlacius  
og

F. h. „Pöntunarfjelagið Patrekur“  
Þorst. Kristjánsson, Kr. Júl. Kristjánsson.

- Vjer undirritaðir Ólafur Jóhannesson, Gunnar Ó. Jóhannesson, Kristinn Ó. Jóhannesson og Garðar Ó. Jóhannesson, allir til heimilis á Vatneyri, rekum í fjelagi fiskiveiðar með botnvörpungum, með firmanafninu: Ó. Jóhannesson & Co.

Fje til reksturs fyrirtækisins höfum vjer lagt til að jöfnu með krónum 150,000,00, og erum því eigendur firmans að  $\frac{1}{4}$  — einum fjórða — hver. Gagnvart þriðja manni berum vjer sólidariska ábyrgð á öllum skyldum og skuldbindingum fjelagsins.

Samþykki tveggja af oss er nægilegt til hverskonar ráðstafana fyrir fjelagið og skuldbindandi fyrir það.

129

Firmað ritum vjer þannig:

Ó. Jóhannesson &amp; Co.

Ó. Jóhannesson.

Ó. Jóhannesson &amp; Co.

Gunnar Ó. Jóhannesson.

Ó. Jóhannesson &amp; Co.

Kr. Ó. Jóhannesson.

Ó. Jóhannesson &amp; Co.

Garðar Ó. Jóhannesson.

3. Kaupfjelag Flateyjar hefir heimili og varnarþing í Flatey. Samþ. þess dags. 18. nóv. 1920, 16. apríl 1922 og 6. apríl 1925.

Tilgangur þess og starfsemi er:

- a. Að útvega fjelagsmönnum góðar vörur og fá hagfeld kaup á þeim.
- b. Að efla vöruvöndun og koma innlendum vörum í sem hæst verð.
- c. Að útrýma skuldaverslun.
- d. Að safna sjóði til tryggingar fyrir framtíð fjelagsins.
- e. Að stuðla að eflingu og útbreiðslu samskonar fjelaga.
- f. Að efla þekkingu manna á samvinnufjelagsskap og viðskiftamálum.

Stjórnendur og framkvæmdarstjóri:

Hafliði Snæbjörnsson, bóndi í Múla, formaður.

Sigurmundur Guðmundsson, bóndi, Fossá.

Hermann Sæmundsson, bóndi, Krossi.

Magnús Jóhannesson, bóndi, Svefneyjum.

Gísli Jóhannesson, bústjóri, Skáleyjum.

Sigfús H. Bergmann, framkvæmdarstjóri, Flatey.

Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir fjelagið.

Prókúru fyrir fjelagið hefir Sigfús Bergmann og ritar hann firm-

að þannig:

P. P. Kaupfjelag Flateyjar.

Sigfús H. Bergmann.

Fjelagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 250 kr. í stofnsjóð, er þeir ganga í fjelagið og ábyrgjast skuldir fjelagsins einn fyrir alla og allir fyrir einn, uns 1 ár er liðið frá brottför þeirra úr fjelaginu.

Í stofnsjóð fjelagsins leggjast 3 af hundraði af verði aðkeyptrar vöru fjelagsmanna.

Árgjald í varasjóð er 1 af hundraði af viðskiftaveltu fjelagsins.

Fjelagið hefir innlánsdeild. Fjelagið hefir verslunarleyfi.

Flatey, 20. maí 1925.

Hafliði Þ. Snæbjörnsson. Sigurmundur Guðmundsson.

Hermann Sæmundsson. Magnús Jóhannesson.

Gísli Jóhannesson.

4. Frú Guðrún Jónína Eyjólfsdóttir í Flatey tilkynnir að hún reki verslun og útgerð með fullri ábyrgð í Flatey á Breiðafirði undir firmanafninu: Verslunin Ásgarður. **129**

Prókúruumboð hefir maður hennar, Guðmundur Bergsteinsson, er ritar firmað þannig:

pr. pr. Verslunin Ásgarður.  
G. Bergsteinsson.

5. Pöntunarfjelaðið „Patrekur“ hefir tilkynt til firmaskrárinnar að Ólafur Þórarinsson Thorlacius, Saurbæ, Rauðasandshreppi, hafi prókúruumboð fyrir fjelaðið og ritar hann firmað þannig:

p. p. Pöntunarfjelaðið Patrekur.  
Ólafur Þórarinsson.

### III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Fiskiveiðahlutafjelaðið „Græðir“ hefir heimili og varnarþing á Flateyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Tilgangur þess er að veiða fisk með botnvörpu og öðrum áhöldum. Samþykktir þess eru dags. 20. desbr. 1924.

Stofnendur fjelagsins eru:

Sigurjón Jónsson, framkvæmdarstjóri, Jón A. Jónsson, alþm., Sigfús Danielsson, framkvæmdarstjóri, Björn Magnússon, símastjóri, Elías Halldórsson, bankagjaldkeri, Ingólfur Árnason, framkvæmdarstjóri, Elías J. Pálsson kaupm., Hannes Halldórsson, kaupm., Helgi Ketilsson, íshússtjóri, Stefán Sigurðsson, verslunarm. og Sigurður Kristjánsson, barnakennari, allir á Ísafirði og Jóhann P. Jónsson verslunarm., Blönduósi.

Stjórnendur og framkvæmdarstjóri:

Jón A. Jónsson, alþm., formaður.

Sigfús Danielsson, varaformaður.

Björn Magnússon, gjaldkeri.

Stjórnin hefir leyfi til að ráða framkvæmdastjóra.

Formaður Jón A. Jónsson hefir prókúru, auk þess rita tveir úr stjórninni firmað svo skuldbindandi sje, að því leyti sem rjettur prókúruhafa ekki nær til.

Formaður hefir prókúruumboð og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Fiskiveiðahlutafjelaðið „Græðir“  
Jón A. Jónsson.

129

Tveir úr stjórninni rita einnig svo skuldbindandi sje þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið „Græðir“

Jón A. Jónsson, Björn Magnússon

eða

Fiskiveiðahlutafjelagið „Græðir“

Jón A. Jónsson, Sigfús Daníelsson.

Hlutafjárupphæðin er 290000 kr. — tvö hundruð og níutíu þúsund krónur, — en stjórnin hefir leyfi til að auka það upp í 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur. Hver hlutur er að upphæð 5000 krónur.

Hlutafjáröfnun er lokið og af hlutafjenu eru greiddar 50000 kr., en eftirstöðvarnar eru kræfar 3. janúar 1925. Hlutabrjefin hljóða á handhafa.

Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvílir á neinum. Eigi eru heldur lagðar neinar hömlur á meðferð hlutabrjefa. Hverjum hlut (5000 kr.) fylgir eitt atkvæði, en enginn má fara með fleiri atkvæði á fundum en tíu. Fundir skulu boðaðir í Lögbirtinga-  
blaðinu og blaði á Ísafirði, með tveggja vikna fyrirvara.

Ísafirði, 23. desbr. 1924.

Jón Auðunn Jónsson, Ísafirði. Sigfús Daníelsson, Ísafirði.

Björn Magnússon, Ísafirði.

2. Vjer leyfum oss hjermeð að tilkynna til firmaskrárinna, að sameignar-  
fjelagið, Hæstikaupstaðurinn (Nathan & Olsen), er uppleyst og hætt  
störfum.

Reykjavík, 16. desbr. 1924.

Í stjórn Hæstikaupstaðurinn

Nathan & Olsen.

John Fenger. Magnús Torfason.

Í stjórn Hæstikaupstaðurinn

(Nathan & Olsen).

Ísafirði, 29. desbr. 1924.

Jóhann Bjarnason. Matthías Sveinsson

3. Hjermeð veiti jeg herra bókhaldara Viggó Sigurðssyni, Ísafirði, prókúru-  
umböð fyrir verslun mína og fiskiveiðaútgærd, með þeim rjettindum og  
skyldum, er prókúristar hafa að lögum.

Hann ritar þannig:

p. p. Jóh. Þorsteinsson.

V. Sigurðsson.

Ísafirði, 3. janúar 1925.

Jóh. Þorsteinsson.

4. Togarafjelag Ísfirðinga h/f. hefir heimili og varnarþing á Ísafirði. Aðaltilgangur fjelagsins er að veiða fisk með botnvörpum og öðrum áhöldum og annast aðrar framkvæmdir er þar að lúta. Samþykktir þess eru dagsettar 25. janúar 1925.

Stofnendur: Karl Olgeirsson, kaupmaður, Jón S. Edwald, konsúll, Ólafur Kárason, kaupmaður, Helgi Guðmundsson, bankastjóri, Magnús Ólafsson, íshússtjóri, Jóhann Einarsson, kennari, Ólafur Pálsson, kaupmaður, Vilmundur Jónsson, hjeraðslæknir, Jóhann S. Þorkelsson, smiður, Sigurður Jónsson, skólustjóri, Árni Árnason, fiskimatsmaður, Stefán Stefánsson, skósmiður, Hafliði Einarsson, sjómaður, Sigurvin Hansson, skipstjóri, Kristján Ísaksson, trjesmiður, Páll Kristjánsson, trjesmiður, Bergsveinn Árnason, smiður, Leó Eyjólfsson, kaupmaður, Elís Ólafsson, klæðskeri, Arnór Kristjánsson, kaupmaður, Jón G. Mariasson, bankabókari, Árni Gíslason, yfirfiskimatsmaður, Stefán Sigurðsson frá Vigur, verslunarmaður, Jónas Tómasson kaupmaður, allir á Ísafirði. Pjetur Oddsson, kaupm., Bolungarvík, Jóhannes Guðmundsson, bóndi, Seljalandi, Valdimar B. Valdimarsson, verslunarmaður, Hnífsdal, Valdimar Þorvarðsson, kaupmaður, Hnífsdal, Grímur Jónsson, kaupmaður, Súðavík, Jón Jónsson, kaupmaður, Súðavík, Magnús Thorberg, útgerðarm., Reykjavík.

Formaður Karl Olgeirsson, kaupmaður, Ísafirði og meðstjórnendur: Jón S. Edwald, konsúll á Ísafirði og Magnús Thorberg, útgerðarmaður, Reykjavík. Stjórnin hefir vald til að ráða framkvæmdarstjóra. Tveir stjórnendur skuldbinda fjelagið gagnvart öðrum, fram yfir það sem prókúruhafi hefir rjett til. Stjórnin hefir vald til að veita prókúruumboð einhverjum úr stjórninni eða framkvæmdarstjóra.

Undirskriftum er hagað þannig:

Togarafjelag Ísfirðinga H/f.  
Karl Olgeirsson. Magnús Thorberg.  
Togarafjelag Ísfirðinga H/f.  
Karl Olgeirsson. Jón S. Edwald.  
Togarafjelag Ísfirðinga H/f.  
Jón S. Edwald. Magnús Thorberg.

Hlutfjárupphæðin er 210 þús. krónur, en stjórnin hefir leyfi til að auka hlutfajeð upp í 275 þús. kr. Hver hlutur er að upphæð kr. 5000. Hlutfjárupphæðin er innborguð, en stjórnin heldur áfram hlutfjár-söfnun til þess að auka hlutfajeð. Auk þess hefir stjórnin þegar aukið hlutfajeð um 20 þús. kr., sem einnig er innborgað.

Hlutabrjefin hljóða á nafn. Hlutum fylgja engin sjerrjettindi önnur en þau, að þar sem stjórn fjelagsins er kunnugt um að fleiri menn eiga hlutabrjefið en sá, er fyrir því er ritaður, að þá eiga meðeigendur

129

Þessa hlutabryjfs eða einhver þeirra forkaupsrjett að hlutum hinna með-eigendanna.

Engin lausnarskylda hvílir á neinum hlutum. Forkaupsrjett að hlutabryfum á í fyrsta lagi fjelagið og í öðru lagi fjelagsmenn.

Hverjum hlut (kr. 5000) fylgir eitt atkvæði. Þó má enginn hluthafi fara með meira en svarar einum tíunda hluta samanlagðra atkvæða í fjelaginu, hvort heldur hann fer með eiginatkvæði eða atkvæði í umboði annara.

Fundi og tilkynningar skal boða með tilkynningu til hvers fjelagslagsmanns í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt.

Ísafirði, 26. janúar 1925.

Karl Olgeirsson. Jón S. Edwald.

F. h. Magnúsar Thorbergs Helgi Guðmundsson, samkv. umboði.

5. Hjermeð afturkallast prókúruumboð Pjeturs Sigurðssonar fyrir kaup-fjelag Önfirðinga frá 1. febr. n.k. að telja.

Flateyri, 27. janúar 1925.

Páll Rósinkransson. Finnur Finnsson. Jens Hólmgæirsson.

6. Hlutfjelagið „Andvari“ hefir heimili og varnarþing á Sólbakka í Önundarfirði. Tilgangur þess er að reka fiskiveiðar, þar á meðal síldveiðar og hverskonar verksmiðjuíðnað í sambandi við slíkar veiðar, svo og verslun. Samþykktir þess eru dagsettar 23. desbr. 1924. Stofnendur: H.f. Alliance, Halldór Þorsteinsson, skipstjóri, Jón Ólafsson, framkvæmdarstjóri, Jón Sigurðsson, skipstjóri, Júlíus Guðmundsson, kaupmaður, Magnús Blöndahl, framkvæmdarstjóri, Magnús Thorberg, útgerðarmaður, Sigfús Blöndahl, aðalræðismaður, H.f. Sleipnir, Dr. Alexander Jóhannesson og Bjarni Jónsson frá Vogu, allir í Reykjavík, Kristján Torfason, Sólbakka í Önundarfirði, Jón Fannberg í Bolungarvík, Hálf dán Hálf dánsson í Hnífsdal, Ingólfur Árnason og Jóhann Þorsteinsson kaupmaður, báðir á Ísafirði. Stjórnendur: Sigfús Blöndahl, aðalræðismaður, formaður, Jón Sigurðsson og Magnús Thorberg. Firmað ritar stjórn fjelagsins og er undirskriftum hagað þannig:

Sigfús Blöndahl. Jón Sigurðsson. Magnús Thorberg.

Upphæð hlutfjárins er 260 — tvö hundruð og sextíu — þúsund krónur, er skiftist í 5000 og 1000 króna hluti. Hlutfjársofnun er lokið og hlutfjæð alt innborgað. Hlutabryfin hljóða á nafn. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvílir á neinum.

Ef hluthafi vill selja hlutabryf sitt, skal hann tilkynna stjórn fjelagsins söluna og veita henni upplýsingar um nafn og heimili kaupenda. Ritar stjórnin svo á hlutabryfið athugasemd um að henni hafi verið til-

kynt salan. Fyr en sú áritun er gerð á hlutabryfið, er framsal ekki gilt gagnvart fjelaginu.

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 1000 krónur sem þeir eiga í fjelaginu. Þó getur enginn einn fjelagsmanna farið með fleiri atkvæði en  $\frac{1}{5}$  hluta allra atkvæða.

Fundi og tilkynningar skal boða skriflega, í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti með 7 daga fyrirvara, nema allir hluthafar sjeu sammála um annað fyrirkomulag á fundarboðun í sjerstöku tilfelli.

Reykjavík, 30. janúar 1925.

Sigfús Blöndahl. Jón Sigurðsson. Magnús Thorberg.

7. Undirrituð stjórn H.f. Andvari á Önunderfirði gefun hjermeð herra framkvæmdarstjóra Jóni J. Fannberg umboð sem prókúrista fyrir nefnt fjelag, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkv. lögum nr. 42, 13. nóvbr. 1903.

Firmað ritar hann þannig

p. p. H.f. „Andvari“.

Jón J. Fannberg.

Reykjavík, 11. febrúar 1925.

Í stjórn H.f. Andvari.

Sigfús Blöndahl, aðalræðismaður, formaður.

Jón Sigurðsson, útgerðarmaður, Hverfisgötu 75.

Magnús Thorberg, útgerðarmaður, Miðstræti 10.

8. Sigmundur Sæmundsson, bifreiðarstjóri á Ísafirði, tilkynnir til firmaskrár að hann reki bifreiðaakstur á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu „Bifreiðarstöð Ísafjarðar“.

9. Hjermeð leyfum vjer oss að tilkynna til firmaskrárinnar að Magnús Magnússon kaupmaður á Ísafirði er genginn úr firmanu Jóhann J. Eyfirðingur & Co.

p. t. Reykjavík, 10. mars 1925.

Jóh. J. Eyfirðingur. Ing. Árnason.

Þorsteinn J. Eyfirðingur, skipstjóri.

10. Á síðasta aðalfundi H/f Ísfjeldags Súgfirðinga, varð sú breyting á stjórn fjeldagsins, að hr. kaupm. Örnólfur Valdimarsson var kosinn í stjórn í stað hr. kaupm. Kr. A. Kristjánssonar, er úr gekk.

Suðureyri, 14. ágúst 1925.

H/f Íshús-fjelag Súgfirðinga.

Friðrik Hjartar. Örnólfur Valdimarsson. Kr. G. Þorvaldsson.

12911. H.f. Smjörlikisgerðin Ísafirði, er hefir heimili og varnarþing á Ísafirði, rekur smjörlikisgerð og jafnframt aðrar atvinnugreinar, sem aðalfundi þykir hagkvæmt að reka í sambandi við hana. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 7. nóvbr. 1925.

Stofnendur eru: Einar Einarsson, skipstjóri, Gísli Guðmundsson, gerlafraeðingur, Halldór Hansen, læknir, Þórarinn Kristjánsson, hafnarstjóri, allir til heimilis í Reykjavík, Elías J. Pálsson, kaupm., Ísafirði og Pjetur Oddsson, kaupm., Bolungarvík.

Stjórnendur: Einar Einarsson, skipstjóri, Gísli Guðmundsson gerlafraeðingur, báðir í Reykjavík, og Pjetur Oddsson, kaupmaður, Bolungarvík; framkvæmdarstjóri Elías J. Pálsson, kaupmaður, Ísafirði. Formaður stjórnarinnar er Einar Einarsson. Firmað rita: Formaður ásamt einum meðstjórnanda, eða framkvæmdarstjóri eftir umboði stjórnarinnar, og er undirskriftum hagað þannig:

F. h. H.F. Smjörlikisgerðin Ísafirði.

E. Einarsson. Gísli Guðmundsson.

Pr. pr. H.F. Smjörlikisgerðin Ísafirði.

Elías J. Pálsson.

Upphæð hlutafjár er **30000 krónur**, skift í 100 kr. hluti. Hlutafjársofnun er ekki lokið; innborgað hlutafje er 24000 kr.; hið ógreidda er kræft þegar stjórnin krefst þess. Hlutabrjefin hljóða á handhafa. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvílir á neinum. Fjelagið hefir forkaupsrjett að hlutabrjefum í 14 daga frá framboði, og að því frágengnu hluthafar í jafnlangan tíma. Hver hluthafi hefir á fundum fjelagsins 1 atkv. fyrir hverjar 100 krónur, sem hann á í hlutum, þó með þeim takmörkunum, er 31. gr. hlutafjellaga 27. júní 1921 setur. Brjeflegu fundarboði skal koma til hluthafa eða senda það á heimili þeirra 4 dögum fyrir almennan fund, en 14 dögum fyrir aðalfund, sbr. þó 17. gr. samþyktanna.

Reykjavík, 7. nóvember 1925.

Einar Einarsson. Gísli Guðmundsson. Pjetur Oddsson.

#### IV. *Húnavatnssýsla.*

1. Hlutafjelagið Carl Höepfner, Blönduósi (Kaupmannahöfn, Akureyri, Sauðárkrók), rekur verslun, siglingar o. fl. Varnarþing á Blönduósi. Lög fjelagsins eru dags. 11. febr. 1918 og 12. apríl 1918. Hlutafjeð er 800,000 kr., er skiftist í 1000 kr. hluti, er hljóða á handhafa, en geta með framsali hljóðað á nafn. Hlutafjeð er alt innborgað. Í stjórn fjelagsins eru Aage Höepfner Berleme, hæstarjettarmálaflutningsmaður Johannes Frederik Fenger og skrifstofustjóri Gilbert Holger Hugo Ivan Berner, allir til

heimilis í Kaupmannahöfn. Framkvæmdarstjóri er Aage Höepfner Berleme. Prókúru hafa Julius Erik Jørgensen, Kaupmannahöfn, og Carsten Behrens, Reykjavík. Hlutfjárssöfnun er lokið og hlutunum fylgja engin sjerrjettindi. Fundarboðun skeður með auglýsingu í Berlinske Tidende eða með ábyrgðarbrjefi til þeirra, hvers hlutabryef hljóða á nafn.

129

#### V. Skagafjarðarsýsla.

1. Sláturfjelag Skagafirðinga rekur sláturhússtarfsemi á Sauðárkróki. Tilgangur fjelagsins er verkun og sala sláturafurða. Samþykktir eru dags. 29. apríl 1924. Stjórnendur fjelagsins eru: Sjera Arnór Árnason prestur í Hvammi, Steindór Jónsson trjesmíðameistari á Sauðárkróki og Albert Kristjánsson bóndi á Páfastöðum. Gjaldkeri fjelagsstjórnarinnar, Steindór Jónsson, er framkvæmdarstjóri fjelagsins. Prókúra engin. Öll stjórnin ritar fjelagið, en til þess að skuldbinda fjelagið í þeim málum, sem stjórnin er einbær um, þarf þó ekki nema undirskrift framkvæmdarstjóra. Fjelagið ábyrgist aðeins eigin viðskifti út á við og má aldrei ganga í ótakmarkaða ábyrgð með öðrum fjelögum. Lántökur fjelagsstjórnarinnar til lengri tíma en eins árs, samkvæmt heimild fulltrúafundar, ábyrgjast allir fjelagsmenn — in solidum — í hlutfalli við stofnfjáreign hvers eins. En fyrir hvers árs viðskiftum er samábyrgð — in solidum — allra viðskiftamanna, er skiftist á þá í hlutfalli við viðskiftamagn hvers eins. Inngöngueyrir er minst 25 krónur (1 stofnbrjef). Fjelagið hefir innlánsdeild, svo nefndan „Sjereignarsjóð“. Í sjereignarsjóð er árlega lagt 1% af árlegum viðskiftum hvers fjelagsmanns, í varasjóð er árlega lagt minst ½% af verslunarumsetningu. Fundarboðun er brjefleg.

Stjórnin ritar:

F. h. Sláturfjelags Skagafirðinga.

Arnór Árnason. Steindór Jónsson. A. Kristjánsson.

Framkvæmdarstjóri ritar:

F. h. Sláturfjelags Skagafirðinga.

Steindór Jónsson.

#### VI. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Undirritaður tilkynnir til firmaskrár Siglufjarðar, að hann reki síldarlýsis- og fódurmjölsverksmiðju á Siglufirði, með fullri ábyrgð sem eigandi, og ritar hann firmað þannig:

Síldarlýsis- og fódurmjölsverksmiðjan Ísland, Siglufirði.

Dr. Paul.

Siglufirði, 5. október 1925.

Dr. Paul.

- 129 2. H/f. Íshúsfjelag Siglufjarðar hefir heimili og varnarþing á Siglufirði.  
Tilgangur fjelagsins er beitusalá, íssalá og frysting matvæla, Sam-  
þyktir þess eru frá 16. okt. 1922.

Stofnendur eru:

Hafnarsjóður Siglufjarðar.  
Bæjarsjóður Siglufjarðar.  
Guðmundur Hafliðason, kaupmaður, Siglufirði.  
Jón Bergsveinsson, yfirsíldarmatsmaður, Akureyri.  
Halldór Guðmundsson, útgerðarmaður, Hafnarfirði.  
Hjalti Jónsson, framkvæmdarstjóri, Reykjavík.  
Sigmundur Jóhannsson, kaupmaður, Reykjavík.  
Jón Gunnlaugsson, rafstöðvarstjóri, Siglufirði.  
Andrjes Hafliðason, kaupmaður, Siglufirði.  
Friðbjörn Nielsson, kaupmaður, Siglufirði.  
Helgi Hafliðason, kaupmaður, Siglufirði.  
Anton Jónsson, útgerðarmaður, Akureyri.  
Matth. Hallgrímsson, útgerðarmaður, Siglufirði.  
Ólafur Reykdals, smiður, Siglufirði.  
Johan Landmark, verkstjóri, Siglufirði.  
Björn Pálsson, útvegsbóndi, Siglufirði.  
H. Thorarensen, lækni, Siglufirði.  
G. Hannesson, bæjarfógeti, Siglufirði.  
Guðlaugur Sigurðsson, verkamaður, Siglufirði.  
Kristinn Sigurðsson, verkamaður, Siglufirði.  
Guðm. Björnsson, mótorsmiður, Siglufirði.  
Ólafur Pjetursson, smiður, Siglufirði.  
Axel Schiöth, bakari, Akureyri.  
Jóh. Þorsteinsson & Co., Akureyri.  
Sigvaldi Þorsteinsson, kaupmaður, Akureyri.  
Ragnar Ólafsson, konsúll, Akureyri.  
Sophus A. Blöndal, konsúll, Siglufirði.  
O. Jörgensen, símastjóri, Siglufirði.  
Þráinn Sigurðsson, Siglufirði.  
Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði.  
Þórður Jóhannesson, verkamaður, Siglufirði.  
Hermann Einarsson, verkamaður, Siglufirði.  
Sam. ísl. verslanir, Akureyri.  
Jón Ólafsson, smiður, Siglufirði.  
Finnur Nielsson, kaupmaður, Siglufirði.  
Jón Gíslason, verkstjóri, Siglufirði.  
Einar V. Hermannsson, verkstjóri, Siglufirði.

Þorleifur Jóhannesson, verkamaður, Siglufirði.

Sig. Fanndal, kaupmaður, Siglufirði.

Pjetur Stefánsson, verkamaður, Siglufirði.

Skafti Stefánsson, útgerðarmaður, Siglufirði.

Karl Gíslason, verkamaður, Siglufirði.

Kristmar Ólafsson, Siglufirði.

Jón Guðmundsson, verslunarstjóri, Siglufirði.

Valdimar Jónsson, verkamaður, Siglufirði.

Vilhj. Hjartarson, prentari, Siglufirði.

Stjórnendur:

Helgi Hafliðason, kaupmaður, Siglufirði, formaður.

Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, ritari.

Friðbjörn Nielsson, kaupmaður, Siglufirði, gjaldkeri.

Meðstjórnendur:

G. Hannesson bæjarfógeti og S. A. Blöndal, konsúll.

Formaður og einn úr stjórninni rita firmað svo að skuldbindandi  
 je, þannig:

H/f. Íshúsfjelag Siglufjarðar:

Helgi Hafliðason. Þormóður Eyjólfsson.  
 eða

Helgi Hafliðason. Friðbjörn Nielsson.  
 eða

Helgi Hafliðason. G. Hannesson.  
 eða

Helgi Hafliðason. S. A. Blöndal.

Hlutfjárhæðin er 35700 kr., sem er innborgað að fullu, en stjórnin  
 má auka hlutfjeð upp í 50000 kr. Hlutfjársofnun heldur áfram.

Hlutabryjefin hljóða á nafn.

Engin sjerrjettindi fylgja hlutum og engin lausnarskylda. Stjórnin  
 hefir forkaupsrjett að hlutabryjefum. Hlutabryjefin hljóða upp á 1000 kr.  
 og 100 kr. Fylgir eitt atkvæði fyrir hverjar 100 kr., en hámark atkvæða-  
 magns hluthafa fer eftir hlutfjelagslögum.

Siglufirði, 27. júní 1925.

Helgi Hafliðason. Þormóður Eyjólfsson. Friðbjörn Nielsson.  
 G. Hannesson. Sophus Blöndal.

## VII. *Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.*

1. Firmað Nathan & Olsen, Reykjavík, veitir hjermeð Sigurði I. Guðmunds-  
 syni umboð sem prókúrista fyrir útbúi þeirra á Seyðisfirði, og hefir hann  
 öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13, nóvember 1903.

129

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Nathan & Olsen.

Sig. I. Guðmundsson.

Reykjavík, 1. mars 1925.

Nathan & Olsen.

2. 1. Heiti fjelagsins: Hlutfjelagið Ragnar Imsland.
2. Heimili þess og varnarþing: Seyðisfjarðarkaupstaður.
3. Tilgangur fjelagsins: Að reka sjávarútgerð og verslun.
4. Dagsetning samþykta þess: 5. mars 1925.
5. Stofnendur: Ragnar Imsland, verslunarmaður, Seyðisfirði, Thorval Imsland, verslunarmaður, Seyðisfirði, Axel Nielsen, verslunarmaður, Seyðisfirði, Þórarinn Nielsen, bankaritari, Reykjavík, Lárus Jóhannesson, hæstarjettarmálaflutningsmaður, Reykjavík.
6. Stjórnendur: Ragnar Imsland, formaður, Þórarinn Nielsen og Lárus Jóhannesson meðstjórnendur.  
Formaður er framkvæmdarstjóri fjelagsins.
7. Firmað rita: Tveir stjórnendur í sameiningu. Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð.

Undirskriftum er hagað þannig:

H/F Ragnar Imsland & Co.

Lárus Jóhannesson. P. Nielsen.

H/F Ragnar Imsland & Co.

R. Imsland. Lárus Jóhannesson.

H/F Ragnar Imsland & Co.

R. Imsland. P. Nielsen.

pr. pro. H/F Ragnar Imsland & Co.

R. Imsland.

8. Upphæð hlutfjár og greining í hluti: Kr. 30000,00, sem skiftist í 30 1000 kr. hluti. — Hlutfje má auka upp í kr. 60000,00.
9. Hlutfjársoöfnun er lokið.
10. Greitt hlutfje kr. 30000,00.
11. Hlufbrjef hljóða á nafn.
12. Sjerrjettindi fylgja engum hlutum.
13. Lausnarskylda hvílir ekki á hlutum.
14. Fjelagið hefir forkaupsrjett að hlufbrjefum fyrir matsverð.
15. Atkvæði hluthafa samkvæmt samþykktum: 1 atkvæði fyrir kr. 1000,00, þó má enginn fara með meira en  $\frac{1}{5}$  hluta atkvæða.
16. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara með símskeyti eða ábyrgðarbrjefi.

Þar að auki getur Fjelagsstjórnin boðað aukafundi með viku 129 fyrirvara.

Reykjavík, 1. mars 1925.

Lárus Jóhannesson. P. Nielsen.

Seyðisfirði, 5. mars 1925.

R. Imsland.

3. 1. Heiti fjelagsins: „Kaupfjelag Langnesinga“.
2. Heimili þess og varnarþing: Þórshöfn. Útbú eitt á Bakkafirði í Norður-Múlasýslu.
3. Dagsetning samþykta 6. apríl 1922.
4. Tilgangur fjelagsins og starfsemi: Að útvega fjelagsmönnum góðar vörur og ná hagfeldum kaupum á þeim, og selja vörur þeirra á sem bestum markaði.
5. Stjórnendur og framkvæmdarstjóri: Jóhannes Árnason, bóndi, Gunnarsstöðum, Gunnlaugur Jónasson, bóndi, Eiði, Hólmgeir Vilhjálmsson, bóndi, Heiði. Framkvæmdarstjóri Guðmundur Vilhjálmsson, bóndi, Syðra-Lóni hefir prókúruumboð.
6. Firmað-rita: Framkvæmdarstjóri og stjórnarnefndin.  
Undirskriftum hagað þannig:
  - pr. Kaupfjelag Langnesinga.  
Jóhannes Árnason.
  - pr. Kaupfjelag Langnesinga.  
Gunnlaugur Jónasson.
  - pr. Kaupfjelag Langnesinga.  
Hólmgeir Vilhjálmsson.
  - pr. pr. Kaupfjelag Langnesinga.  
Guðm. Vilhjálmsson.
7. Ábyrgð fjelagsins: Samábyrgð.
8. Tillög fjelagsmanna: Inngangseyrir 10 krónur.
9. Lagt í stofnsjóð samkvæmt samþykktum fjelagsins: 3% af vöruúttekt.
10. Árgjald í varasjóð: 1% af seldum vörum.
11. Fjelagið hefir innlánsdeild.
12. Fjelagið hefir verslunarleyfi.

Þórshöfn, 15. júní 1925.

Jóhannes Árnason. Gunnlaugur Jónasson.

Hólmgeir Vilhjálmsson. Guðm. Vilhjálmsson.

#### VIII. Suður-Múlasýsla.

1. Þorvarður Sölvason, Eskifirði, og Jón Pálsson, dýralæknir á Reyðarfirði,

129

reka verslun á Reyðarfirði, sem fullábyrgir fjelagar, undir firmanafninu Sölvason & Co.

Báðir hafa rjett til að rita firmað.

Þorvarður Sölvason ritar firmað þannig:

Sölvason & Co.

P. Sölvason.

Jón Pálsson ritar firmað þannig:

Sölvason & Co.

Jón Pálsson.

2. Jeg, Hans P. Stangeland, kaupmaður og útgerðarmaður á Fáskrúðsfirði, gef hjermeð Helga Magnússyni umboð sem prókúrista fyrir verslun mína og útgerð og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Hans P. Stangeland.

Helgi R. Magnússon.

Fáskrúðsfirði, 5. október 1925.

Hans P. Stangeland.

3. Jeg undirritaður, Jónas Gíslason kaupmaður á Fáskrúðsfirði, tilkynni hjermeð, að jeg hefi gengið úr firmanu Marteinn Þorsteinsson & Co., Fáskrúðsfirði, og afsalað eignum mínum til herra kaupmanna Marteins Þorsteinssonar og Björgvins Þorsteinssonar, báðum til heimilis á Búðum í Fáskrúðsfirði.

Jónas Gíslason.

Samkvæmt ofanskráðu tilkynnist hjermeð, að við höfum keypt af herra Jónasi Gíslasyni hans part í firmanu Marteinn Þorsteinsson & Co., Fáskrúðsfirði, og munum vjer reka firmað undir sama nafni framvegis, sem fullábyrgir fjelagar.

Marteinn Þorsteinsson ritar firmað þannig:

pr. pro. Marteinn Þorsteinsson & Co.

Mart. Þorsteinsson.

Björgvin Þorsteinsson ritar firmað þannig:

pr. pro. Marteinn Þorsteinsson & Co.

Björgvin Þorsteinsson.

Fáskrúðsfirði, 31. okt. 1925.

Mart. Þorsteinsson. Björgvin Þorsteinsson.

4. Hlutafjlagið Elján hefir heimili og varnarþing á Norðfirði í Neshreppi. — Samþykktir fjelagsins eru dagsettar 26. apríl 1925. — Tilgangur þess er

að stunda fiskiveiðar. — Stjórn fjelagsins skipa Loftur Bjarnason stýrimaður, Lúðvík Sigurðsson, kaupmaður, og Páll G. Þormar, kaupmaður. Varamaður í stjórninni er Björn Ólafur Gíslason, verslunarstjóri. Framkvæmdarstjóri er Þórður Einarsson. **129**

Undirskrift tveggja úr stjórninni eða framkvæmdarstjóra og eins úr stjórninni þarf til að skuldbinda fjelagið. Rita þeir fjelagið þannig:

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Loftur Bjarnason, Lúðvík Sigurðsson  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Loftur Bjarnason, Páll G. Þormar  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Loftur Bjarnason, B. Ó. Gíslason  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Loftur Bjarnason, Þórður Einarsson  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Lúðvík Sigurðsson, Páll G. Þormar  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Lúðvík Sigurðsson, B. Ó. Gíslason  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Lúðvík Sigurðsson, Þórður Einarsson  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Páll G. Þormar, B. Ó. Gíslason  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
Páll G. Þormar, Þórður Einarsson  
eða

F. h. fiskiveiðahlutafjelagsins „Eljan“.  
B. Ó. Gíslason, Þórður Einarsson.

Upphæð hlutafjár 40000 kr. má auka upp í 50000 kr. Innborgað hlutafje 41000 kr. Skiftist í 1000 kr. hluti. Hlutabryjefin hljóða á nafn. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvíli á þeim. Sala hlutabryjefa ógild gagnvart fjelaginu nema samþykki stjórnarinnar komi til.

Atkvæðisrjettur hluthafa miðast við hlutafjäreign, þannig: Fyrir

129

1000 kr. hlutafjäreign 2 atkv., fyrir 2000 kr. 3 atkv., fyrir 3000—4000 kr. 4 atkv., fyrir 5000—7000 kr. 5 atkv., fyrir 8000 kr. eða meir 6 atkv.  
Fundu skal boða skriflega til hvers einstaks hluthafa.

IX. *Vestmannaeyjakaupstaður.*

1. Það tilkynnist hjermeð, að jeg hefi í dag veitt herra cand. juris Ástþór Matthíassyni, prókúruumboð fyrir verslun mína.

Prókúruhafi ritar:

Pr. pr. verslun G. J. Johnsen,

Ástþór Matthíasson.

Vestmannaeyjum, 12 nóv. 1924.

G. J. Johnsen.

2. Einar Runólfsson tilkynnir, að hann reki verslun í Vestmannaeyjum, með firmanafninu „Nýjabúðin“. Prókúru hefir Eyþór Þórarinsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Nýjabúðin.

Eyþór Þórarinsson.

X. *Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. Fiskiveiðahlutafjelagið „Kári“ í Viðey tilkynnir þá breytingu á stjórn fjelagsins, að úr stjórn fjelagsins hafi gengið:

Friðjón Jensson, læknir, á Akureyri, og Páll Ólafsson, framkvæmdarstjóri, í Reykjavík.

Í stað þessara manna voru á síðasta aðalfundi fjelagsins kosnir í stjórnina þessir:

Ragnar Ólafsson, konsúll, á Akureyri, og Jón Sigurpálsson, blaðamaður, í Reykjavík.

2. Fiskiveiðahlutafjelagið „Víðir“, lögheimili og varnarþing í Hafnarfirði, rekur fiskiveiðar með botnvörpu og öðrum veiðarfærum.

Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 9. maí 1925. — Stjórn fjelagsins skipa: Magnús Einarson, Túngötu 6, Jóhann Árm. Jónasson, Skólav. 17 B, og Pjetur Halldórsson, Túngötu 46, allir í Reykjavík. Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er Þórarinn Böðvarsson, kaupmaður, í Hafnarfirði. — Meiri hluta stjórnar þarf til að skuldbinda fjelagið og rita firmað. — Þórarinn Böðvarsson ritar firmað sem prókúruhafi. — Hlutafjárupphæð er kr. 555,000,00 og skiftist það í 60 hluti, sem hver er að upphæð 5000 krónur, og 102 hlutir að upphæð 2500 kr. — Hlutabryjefin, er hljóða

á 2500 kr., hafa forgangsrjett til vaxta, en fjelaginu er heimilt að inn- 129  
leysa þau með nafnverði, þegar það óskar. — Hlutfjedi er alt innborgað.  
— Hlutaþrjef hljóða öll á nafn. — Tilkyningar til hluthafa skulu sendar  
í ábyrgðarþrjefi eða með staðfestu símskeyti.

Undirskriftum fjelagsstjórnar er hagað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið Víðir.

Magnús Einarson, Jóh. Á. Jónasson,

eða

Fiskiveiðahlutafjelagið Víðir.

Magnús Einarson, Pjetur Halldórsson,

eða

Fiskiveiðahlutafjelagið Víðir.

Jóh. Á. Jónasson, Pjetur Halldórsson.

Prókúruhafi ritar þannig:

pr. pr. Fiskiveiðahlutafjel. Víðir.

Þór. Böðvarsson.

3. Fiskiveiðahlutafjelagið „Kári“ í Viðey tilkynnir til firmaskrárinnar, að Páll Ólafsson sje hættur að hafa á hendi framkvæmdarstjórn fjelagsins, og afturkallar jafnframt prókúruumboð hans fyrir fjelagið. — Í hans stað er tekinn við framkvæmdarstjórninni Ólafur Gíslason verslunarstjóri frá Norðfirði, og hefir hann jafnframt fengið prókúruumboð fyrir fjelagið.

Ólafur Gíslason ritar þannig:

p. p. Fiskiveiðahlutafjelagið Kári.

Ólafur Gíslason.

Reykjavík, 23. septbr. 1925.

Rich. Torfason. Jón Sigurpálsson.

4. Hlutfjelagið „Garðbillinn“. — Heimili Gerðar í Gerðahreppi. — Útibú ekkert. Tilgangur fjelagsins er að flytja mjólk til Reykjavíkur og annast annan flutning. Samþykktir fjelagsins eru dags. 11. nóv. 1924.

Stofnendur eru: Þorvaldur Þorvaldsson, bóndi, Kothúsum, Þorsteinn Árnason, þbm., Gerðum, Þorsteinn Eggertsson, bóndi, Vesturkotí, Halldór Þorsteinsson, bóndi, Vörum, Þorgeir Markússon, bóndi, Lambastöðum, Þorlákur Benediktsson, kaupmaður, Akurhúsum, Sveinn Stefáns-son, bóndi, Miðhúsum, Stefán Einarsson, bóndi, Krókvelli, Magnús Magnússon, bóndi, Króki, Gísli Sighvatsson, bóndi, Sólbakka, Eiríkur Guðmundsson, bóndi, Garðhúsum, Guðlaugur Eiríksson, hreppstjóri, Meiðastöðum, Jón Ásmundsson, bóndi, Rafnkelstöðum, Ísak Bjarnason, bóndi, Rafnkelstöðum, Bjarni Björnsson, bóndi, Nýlendu, Friðrik J. Rafnar, prestur, Útskálum, Guðmundur Þórðarson, kaupmaður, Gerðum, Jón Bjarnason, bóndi,

129

Melbae, Jón Eiríksson, verslunarmaður, Meiðastöðum, Einar E. Straumfjörð, vitavörður, Garðskaga, Sumarliði Eiríksson, bóndi, Meiðastöðum, Jóhannes Jónsson, bóndi Gauksstöðum, Ingimundur Jónsson, bóndi, Holti, Þorbergur Guðmundsson, bóndi, Jaðri, Sigurður Oddsson, lausamaður, Akurhúsum, Jón Eiríksson, bóndi, Nýjabæ, Eiríkur Þorsteinsson, kaupmaður, Gerðum, Ólafur Guðlaugsson, bóndi, Ásgarði, Gísli Eggertsson, bóndi, Kothúsum.

Stjórnendur eru Guðlaugur Eiríksson, hreppstjóri, Meiðastöðum, Þorvaldur Þorvaldsson, bóndi, Kothúsum, Gísli Sighvatsson, bóndi, Sólbakka, Þorlákur Benediktsson, kaupm., Akurhúsum og Friðrik J. Rafnar, prestur, Útskálum.

Firmað rita: Formaður undir dagleg störf, en stjórnin öll undir skuldbindingar.

Formaður ritar fjel. þannig.

Pr. h/f. „Garðbillinn“.

Guðlaugur Eiríksson.

Stjórnendur rita þannig:

Pr. h/f. „Garðbillinn“.

Guðlaugur Eiríksson. Þorvaldur Þorvaldsson. Gísli Sighvatsson.

Þorlákur Benediktsson. Friðrik J. Rafnar.

Upphæð hlutafjár er kr. 5500,00 í 50 kr. hlutum. Hlutafjáröfnun er lokið og hlutafje greitt. Hlutabréf hljóða á nafn. Sjerrjettindi eru engin nje lausnarskylda. Fjelagar hafa forkaupsrjett hlutabrejfa. Atkvæði fylgir hverjum hlut, þó má enginn fara með atkv. meira en  $\frac{1}{15}$  hlutafjár. Fundarboðun með umburðarbrjefi innan fjelagssvæðis, annars með sím-skeyti eða ábyrgðarbrjefi.

Gerðum, 6. janúar 1925.

Guðlaugur Eiríksson. Þorvaldur Þorvaldsson. Þorlákur Benediktsson.

Friðrik J. Rafnar. Gísli Sighvatsson.

130

## SKRÁ

yfir hlutafjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1925.

1. H.f. „Tóbaksverslun Íslands“, Reykjavík.
2. H.f. „Græðir“, Flateyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3. H.f. „Togarafjelag Ísfirðinga“, Ísafirði.
4. H.f. „Andvari“, Sólbakka í Önundarfirði.